



Fundargerð

441. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 10. sept. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Rebekka Eiríksdóttir og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir í forföllum Ingimars Ingimarssonar og Karls Kristjánssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Varaoddviti ÁHH bauð fólk velkomið og setti fund. Hún óskaði eftir að „Breyting á aðalskipulagi í Garpsdal“, „Starf stafsmanns á skrifstofu“, Fundargerð Ungmenntaráðs frá 16. ágúst“ og „Bréf frá starfsmönnum á leikskóla“ yrði tekin á dagskrá undir liðnum önnur mál. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd frá 31. júní 2019:

Sveitarstjóri fór yfir fundargerðina.

Varðandi 7. lið, orku og auðlindastefna, er sveitarstjóra heimilað að ganga til samninga við Stertuvík um verkið sem verði borið undir sveitarstjórn. Verkið verði unnið í samvinnu við Alta og verði hluti af endurskoðun aðalskipulags.

Vegna liðsins „ærslabelgur“ leggur sveitarstjórn til að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa um staðsetningu hans. Tómsundafulltrúa falið að útbúa slíka könnun.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Mennta- og menningarmálanefndar frá 19. júlí 2019:

ÁHH fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

3. Stjórn Barmahlíðar frá 22. og 28. ágúst 2019:

EDBJ fór yfir fundargerðirnar.

Þær samþykktar samhljóða.

Mál til afgreiðslu.

4. Þingsályktunartilaga um málefni sveitarfélaga:

Kynnt tillaga um málefni sveitarfélaga sem var til umræðu á aukalandsþingi Sambandsins. Sveitarstjóra falið að semja umsögn um málið í samræmi við umræður á fundinum og bera hana undir fulltrúa í sveitarstjórn.

5. Starf félagsmálastjóra:

Sveitarstjóri kynnti gang mála varðandi ráðningu nýs félagamálastjóra. Sveitarstjórn falið að ganga frá málinu.

6. Námsferð til Brighton - erindi:

Lagt fram erindi starfsmanns sem ekki nýtur sambærilegs stuðning frá sínu stéttarfélagi og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins. Hann óskar eftir sveitarfélagið brúi bilið.

Samþykkt að verða við erindinu.

7. Starf umsjónarmanns sundlaugar og íþróttahúss:

Sveitarstjóri kynnti umsóknir um starf forstöðumanns íþróttamannvirkja. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við viðkomandi um starfið.

8. Starf húsvarðar í Reykhólaskóla og Barmahlíð:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir umsóknum um starfið. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við viðkomandi um starfið.

9. Haustþing Kennarasambands Vestfjarða:

Lagt fram erindi varðandi stuðning til kennara vegna haustþings KV. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að afgreiða erindið.

10. Undirbúningur fjárhagsáætlunar Reykhólahrepps 2020:

Lagt fram 7 mánaða yfirlit yfir rekstur Reykhólahrepps og drög að rammaáætlun fyrir næsta árs. Óskað er eftir að tillögur frá forstöðumönnum stofnanna og nefndum berist fyrir mánaðarlok. Stefnt að fyrri umræðu um fjárhagsáætlun á næsta sveitarstjórnarfundum sem og endurskoðun fjárhagsáætlunar þessa árs.

Mál til kynningar:

11. Áskorun frá SGI:

Lögð fram.

12. Bréf frá skógræktinni:

Lagt fram.

13. Hafnarfundur Þorlákshöfn 27. sept.

Sveitarstjóri mun sækja fundinn.

14. Íbúafundur 27. ágúst 2019:

Lagðar fram niðurstöður íbúafundar frá fyrra mánuði.

Önnur mál:

15. Breyting á aðalskipulagi í Garpsdal:

Tekin fyrir breyting á aðalskipulagi vegna áætlaðrar vatnsaflsvirkjunar í Garpsdal. Skipulags- og matslýsing, unnin af Landmótun, lögð fram til yfirferðar og samþykktar fyrir auglýsingu.

Sveitarstjórn samþykkir greinargerðina og felur skipulagsfulltrúa að koma henni í lögbundið auglýsingaferli.

16. Starf starfsmanns á skrifstofu:

Lagt fram erindi frá starfsmanni á skrifstofu varðandi starfshlutfall.

Samþykkt að verða við erindinu.

17. Fundargerð Ungmennaráðs frá 16. ágúst:

JÖE fór yfir fundargerðina og hún samþykkt.

18. Bréf frá starfsmönnum á leikskóla:

Lagt fram bréf frá tveimur starfsmönnum leikskólans.

Vísað til sveitarstjóra, skólastjóra og mennta- og menningarmálanefndar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15
